

Skrá 23. Hrossalækningar

Þjóðháttaskráning Þjóðminjasafnsins.

23. Spurningaskrá.

Inngangur.

Spurningaskrá sú, sem hér fer á eftir, fjallar um hrossalækningar byggðar á heimafenginni reynslu liðinna alda. Til skamms tíma voru þær að mestu unnar af ólærðum mönnum, sem í senn treystu á gamlar venjur og eigin handlagni. Þjóðtrú á einnig sinn hlut í viðleitni íslenskrar alþýðu til að ráða bót á meinum dýra og manna. Á þessari öld hafa hinar gömlu alþýðulækningar horfið í skugga áhrifa dýralækningabóka og lærðra dýralækna og senn síðustu forvöð með að bjarga frá glötun skilgóðum lýsingum á gömlum dýralækningum íslenskra heimila.

Auk hinna venjulegu upplýsinga um aldur, uppruna og hérað svarenda, biðjum við ykkur að taka eftirfarandi fram um hvert atriði, ef kostur er:

- 1) Hvort þið hafið reynt lækninguna sjálfir eða séð hana notaða, og þá hvenær?
- 2) Hvort lækningin sé enn viðhöfð á þeim slóðum?
- 3) Ef þið hafið aðeins heyrt talað um tiltekna lækningu, þá hjá hverjum?
- 4) Ef þið hafið lesið um eitthvert læknisráð, þá í hvaða bók, tímariti eða handriti?

Hrossalækningar, hrossalæknir.

Áttu orðin hrossalækningar og hrossalæknir tvær merkingar í málinu, a) hina raunverulegu, b) myndhverfa, um grófgerða, hrottalega lækningu og grófgerðan lækni í starfi (ólærðan eða lærðan)? Lýsið þessu.

Segið frá mönnum, sem öðrum fremur þóttu nærfærnir við skepnur í veikindum, og til var leitað ef eitthvað bjátaði á.

Að hanka.

Voru sérstakir menn í hverri byggð, sem fengust við að hanka hross eða aðra gripi (geldingamenn t.d.)? Voru mismunandi hankanálar í notkun (stærð, snið)? Lýsið þeim, smíðaefni og smíði. Nefndust þær nokkuð annað? Teiknið þrædda hankanál ef tók eru á. Lýsið hanka, sem gerður var til þess að draga í sár, er hankað var. Voru mismunandi efni notuð í hanka (tjöruhanki, hrosshárshanki, blýhanki o.s.frv.)? Fylgdi því nokkur trú, hvar efni í hanka skyldi tekið (t.d. úr tagli hrossins, er hanka átti, eða úr öðru, hraustu hrossi)? Var efni hankans e.t.v. breytilegt eftir því hvar átti að nota hann (eitt efni í brjósthanka, annað í fót o.s.frv.)? Var hrosshárshanki fléttaður eða snúinn saman? Hvernig var gengið frá endum? Hver var lengd hankans ca.?

Hver var trú manna almennt, varðandi gildi þessarar lækningar (draga út vonda vessa t.d.)? Lýsið því, hvernig hankað var. Var nálin soðin í vatni eða brugðið í eld fyrir verkið? Lýsið þræðingu nálar og handtaki við skinnsprettu á hrossinu. Var aðeins skinnfelling tekin milli fingra og nálinni stungið þar í gegn? Hvernig var tryggilega gengið frá hanka í sári? Var hankinn hreyfður öðru hvoru, meðan á lækningu stóð? Hvað var talinn hæfilegur tími lækningar eða þar til hankinn var tekinn brott? Hvernig höfðust hankasár við að jafnaði? Hvenær lagist niður að hanka hross? Segið frá einstökum mönnum, sem fengust við að hanka hross? Eru einhverjir þeirra e.t.v. enn á lífi?

Blóðtökur.

Var algengt að nota blóðtökur til lækninga á hrossum? Á hvern hátt voru þær háðar mismunandi veikindum? Var sérstakur dýrabíldur notaður við blóðtöku hrossa og annarra stórgripa? Lýsið honum. Lýsið blóðtöku? Hve mikið blóð var álitnið hæfilegt að taka og á

hvern hátt var það háð mismunandi veikindum? Eftir hverju var farið, er ákveðið var um stað blóðtöku á líkama dýrsins? Hvernig var blæðing stöðvuð?

Augu.

Lýsið veikindum í augum eða augnhvörmum hrossa. Voru sérstök heiti notuð um þau? Lýsið lækningum eða viðleitni til lækninga. Segið með sama hætti frá meiðslum á augum og meðferð þeirra.

Meiðsli og bólur.

Nefndust meiðsli undan reiðtygjum, reiðing, aktygjum eða af öðrum orsökum sérstökum nöfnum? Var yfirleitt gætt að því í ferðum eða flutningi að koma í veg fyrir meiðsli á reiðhestum og flutningshestum? Hvernig (mýkt reiðings, bakleppur, hundsskinn t.d.)? Hvaða ráð voru notuð til að fá bólgu af meiðslum til að hjaðna, áður en ígerð myndaðist (vatnsbakstur, arfabakstur, blásteinsbakstur o.s.frv.)? Lýsið lækningu á meiðslasárum. Var hárið rakað kringum sárbarmana? Hvernig var gröftur færður út? Lýsið heimatilbúnum smyrslum (grasasmyrslum t.d.). Var duft af brenndu skóleðri notað í sár hrossa? Segið frá aðkeyptum smyrslum eða lyfjum. Var græðisveppur (fýsisveppur) lagður við meiðslasár hrossa? Voru græðiblöð jurta lögð við meiðslasár hrossa og var þá sama, hvort borðið sneri að sárinu (efra, neðra, jarðarborð, himinborð)?

Hvað nefndust bólur, sem hlupu upp á hrossum undan reiðtygjum, reiðingi eða af öðrum orsökum (vermibólur t.d.)? Fór nafnið e.t.v. eftir því, hvar bólurnar voru á hrossinu? Lýsið lækningu.

Segið frá gjarðsæri, meðferð þess og lækningu. Segið frá haftsæri, meðferð þess og lækningu.

Kjaftfleiður.

Hvað nefndist það, ef hestur særðist af beislismélum (kjaftfleiður, kjaftsár t.d.)? Hvað var gert til bóta eða lækninga?

Hófar og meðferð þeirra.

Lýsið hófgöllum og hvernig unnið var að því að ráða bóta á þeim.

a) Hvað var það nefnt, er gjörð eða hringur óx ofan í hófa ungra hrossa og gerði þeim erfitt um hreyfingu (hófkyrkingur, hófkyrki (kk. hvk.?), hófkyrkja, hófkyrking, hófþröngur, hófgarður o.s.frv.)? Lýsti hófkyrkja sér með öðrum hætti? Var talað um það, að einhverjar sérstakar aðstæður leiddu til þeirrar veiki, t.d. jarðlag, er hrossið gekk á, eða vanfóðrun?

Hvernig var þetta læknað (tálgað til blóðs, brennt o.s.frv.)?

b) Hvað var það nefnt, er sprungur mynduðust í hófa að framan eða til hliðar (klaufarhófur t.d.)? Fór það e.t.v. eftir gerð sprungunnar eða hvar hún var í hófnum? Voru sérstakar skeifur smíðaðar til að lækna sprungur í hófum? Voru sprungnir hófar spengdir með járnsþöngum? Lýsið þessu og öðru, er varðar sprungna hófa.

c) Hvað var það nefnt, er hófjarki óx óeðlilega út (hófgeifla t.d.)? Hvernig var ráðin bót á því (með járningu t.d.)?

d) Hvað var það nefnt ef hestur varð haltur af járningu (nánegldur, blóðjárnaður, liggur nærri, hefur hita af naglanum o.s.frv.)? Var talað um það, að hestar, sem létu ólmlega við járningu, væru kvikuberir?

e) Kannast menn við það, að hestum hafi verið tekið blóð í hóf? Við hverju? Hvar og hvernig var það tekið? Hvað var þetta nefnt (að taka hófblóð t.d.)?

f) Var talað um það, að hestur væri hófslitinn, ef liðurinn ofan við hófinn bilaði, t.d. af því, að hesturinn festi sig í urð? Hvað var til ráða (bundið um milli hófs og hófskeggs t.d.)?

g) Kannast menn við veiki, sem nefnd er hófsperra, og lýsti sér í því, að hófar uxu óeðlilega og hófbotn gekk niður? Lýsið þessu og viðleitni til lækninga.

- h) Segið frá veikindum neðan í hófum (hófgeil t.d.) og í hóftungu. Lýsið lækningum.
i) Kannast menn við það, að kúamykja hafi á einhvern hátt verið notuð til lækninga á hófum?

Stig, að stíga sig.

Hvað nefndist það ef hestur varð fyrir meiðsli á hófi eða á mótum hófs og skinns (hófhvarfi) af völdum skeifnaskafla? Var reynt að koma í veg fyrir slík meiðsli, t.d. með því að smíða skaflaskeifur með innanfótarsköflum? Hvernig var gert að meiðsli, sem hlaust af því, að hestur missteig sig með skeifuskafli? Hvað nefndist verkið við að búa um meiðslið (að taka til t.d.)?

Bógsig.

Þekktist bilun hjá hrossum, sem nefnd var bógsig? Lýsið því. Hver var talin orsök þess? Þekktust nokkur ráð til bóta?

Reynsla, tognun; holti; slit.

Lýsið öðrum meiðslum, sem stöfuðu af reynslu eða tognun, einkum í fótum. Voru sérstök heiti notuð um þau? Segið frá holti hrossa. Gekk holti undir sérstökum nöfnum eftir einkennum hennar, og hvar hún var í gripnum? Lýsið lækningum.

Lýsið með sama hætti veikindum, sem stöfuðu af sliti í fótum. Segið frá viðleitni til lækninga. Voru blýhankar m.a. notaðir til lækninga á fótaveiki hrossa? Lýsið þessu.

Slig, tröllriða, grip.

Hvað nefndist bilun í hrygg hrossa, sem olli tímabundinni eða varanlegri lömum þeirra að aftanverðu? Þekktist sú þjóðtrú, að þar gætu verið dularöfl að verki (nykur, nennir t.d.)? Kunna menn sagnir af því? Hver var annars að jafnaði orsök þessarar bilunar? Þekktust nokkur ráð til bóta eða lækninga? Þekktist orðtakið "að ríða slig á" einhvern eða að "vera runninn út á slig"? Hver er merkingin? Þekktist orðtakið "að vera eins og sligaður áburðarklár" í merkingunni að vera mjög þreyttur eða að niðurlotum kominn?

Beinbrot.

Segið frá beinbrotum hrossa. Varð lækningum komið við? Lýsið því.

Æxli.

Segið frá æxlum er komu á hross. Greinið frá heitum þeirra og hvar þau uxu einna helst (útvortis, innvortis). Segið frá meðferð og lækningu.

Að hafa úti.

Hvað var það nefnt ef sin hests hélst ekki eðlilega í skauð (að hafa úti t.d.)? Var nokkuð rætt um orsakir? Dró það úr verðmæti hests í kaupum og sölum? Lýsið þessu.

Gaddur.

Þekktist gaddur eða önnur tannveiki í hrossum? Lýsið því ásamt lækningu.

Skæll.

Hvað kallaðist holdauki í efra gómi hrossa, sem leiddi til þess, að þau áttu erfitt með að bíta (skæll t.d.)? Var þetta háð árstíðum? Var nokkuð rætt um orsakir? Var um mismunandi lækningar að ræða? Var sú lækning algengust "að stinga skæl"? Var sérstakt áhald smíðað til að stinga skælinn? Lýsið því. Nefndist það nokkuð? Var viss regla um að stinga skælinn í þriðju báru í efra gómi og láta blæða ofan í hrossið? Þekktist það, að skæll væri brenndur með

járni í stað þess að stinga á honum? Var sérstakt áhald úr járnsmíða til að brenna með skæl? Nefndist það nokkuð? Lýsið því. Teiknið það ef tök eru á. Segið frá árangri lækninga.

Klums.

Hvað nefndist stirðnun eða krampi í hálsvöðvum eða kjálkum hrossa, er stöku sinnum gerði vart við sig (klums t.d.)? Var greint á milli þess, hvar þetta var í hrossinu, með orðunum kjálkaklums og kverkaklums? Var klums helst bundið við folaldsmerar og graðhesta? Við hvaða aðstæður gerði það vart við sig? Var það á e.t.v. á einhvern hátt bundið beislum, er notuð voru?

Lýsið lækningum á klumsi (vatnsbakstrar, setja gripinn á sund, hrossatað eða annað upp í nasir o.s.frv.)? Var talað um það, að bati fengist, ef hrossið var með einhverju ráði fengið til þess að frísa?

Kverkabólga.

Kunna menn að segja frá veikindum í kverk eða hálsi hrossa (kverkabólga, kverkamein)? Lýsið þeim og lækningu þeirra.

Mæði, hósti, ofkæling.

Hverjar voru helstu orsakir mæði eða hósta í hrossum (ofkæling, myglað hey t.d.)? Hvað var þetta nefnt (heysótt, heysýki, heymæði t.d.)? Hvaða ráða var leitað til lækninga (breyta um fóður, liggja fyrir opnu eða ganga út og inn, bleyta hey, er gefið var á stall, hanka t.d.)? Hvar voru hross hönkuð til lækninga við mæði eða hósta?

Hjartveiki.

Var talað um hjartveiki hrossa? Hvernig lýsti hún sér (með ótta, hræðslu, fælni t.d.)? Var völ nokkurra lækninga? Lýsið því.

Miltisbruni, miltisbrandur.

Segið frá veikindum, sem kennd voru við milta. Segið frá lækningum.

Hvernig var gengið frá skrokkum, sem grunur lék á eða víska var um, að hefðu drepist úr miltisbruna eða miltisbrandi? Voru þeir e.t.v. grafnir niður með húð og hári?

Lifrabólga o.fl.

Segið frá veikindum í lifur eða galli. Hvað nefndust þau? Hverjar voru taldar helstu orsakir þeirra? Lýsið lækningum. Segið frá árangri lækninga.

Hrossasótt, kveisa.

Nefndist uppþemba í hrossum sérstöku nafni (hrossasótt t.d.)? Hver voru helstu einkenni hennar? Lýsið lækningum á hrossasótt.

- a) Sett pípa. Hverskonar pípa var notuð. Segið frá hitun vatns og öðru, er efnið varðar.
- b) Tekið blóð í flipann.
- c) Tekið blóð í góminn, stungið í þriðju báru.
- d) Tekið blóð í stertinn. Hvað tákna þá myndhverfa merkingin í orðtakinu "að taka blóð í stertinn?"
- e) Hrossinu riðið á sprett.
- f) Hrossinu gefið baunakaffi.
- g) Hrossinu gefið brennivín.
- h) Nasir kitlaðar með fuglsfjöður.
- i) Brennisteinsreykur látinn leggja í nasir.
- j) Neftóbak í nasir.

k) Önnur ráð. Þekktust lækningaaðferðir byggðar á þjóðtrú (hnýta bláu klæði í fax, hnýta eyruggabeini fisks í ennistopp, ríða sigurlykkju og hnýta sigurhnút, ríða hestinum þrjá hringi kringum bæinn, óspjölluð mey ríða honum eina bæjarleið, berbakt o.s.frv.)? Lýsið þessu.

Veikindi af fóðri eða fóðrun.

Lýsið veikindum hrossa, er stöfuðu af fóðri, við hús eða í haga? Var viss gróður á útjörð hættulegur til heyskapar handa gjafahestum (elfting, gulmæra, myrrutá o.s.frv.)? Gat veikindi leitt af illa verkuðu heyi í heystæðum (þurrhey, vothey)? Hvað var til bóta ef hross átu yfir sig fyrir óaðgætni manna? Kannast menn við orðið töðuáma í sambandi við fótaveiki í hestum, orsakir hennar og lækningu?

Sandsótt, sandvelta.

Hvað nefndist það ef hross urðu veik af því að bíta á sendinni jörð, bíta fjöruarfa eða eta hey í sandi, t.d. er beðið var eftir því, að sjómenn lentu (sandsótt, sandvelta t.d.)? Var hleypt á hross við þessari veiki? Hvernig? Þekktust önnur ráð til lækninga (sett pípa t.d.)?

Innyflaormar.

Voru ákveðin, heimaþingin eða aðkeypt, hreinsandi lyf notuð til að lækna ormaveiki í folöldum, tryppum eða hrossum yfirleitt (hestaalóe, byssupúður hnoðað upp í smjör, sótvatn úr eldhúsi o.s.frv.)? Hvernig voru þau notuð? Átti mjólkursýra að vera vörn gegn ornum eða var hún aðeins notuð til þrifa sem fóður?

Búkhlaup.

Hvað var það nefnt ef hljóp á hest óvörum (búkhlaup, skota, þunnlífi o.s.frv.)? Hvaða ráð voru helst tiltæk til lækninga?

Þvagstemma.

Hvað nefndist þessi veiki? Var rætt um mismunandi orsakir hennar? Hvernig var reynt að lækna þvagstemmu? Var svarf af hvalkvörn eða muldar þorskkvarnir m.a. notað í þeim tilgangi? Lýsið því. Þekkjja menn af sögnum eða eigin raun, að riðin hafi verið sigurlykkja eða hnýttur sigurhnútur til að lækna þvagstemma eða önnur mein hrossa? Lýsið því.

Að láta fyli.

Þurfti að viðhafast sérstaka varúð við fylfullar hryssur svo þær létu ekki fyli? Hvernig? Var þess t.d. vandlega gætt að gefa fylfullum hryssum ekki fjósmod? Nefndist ófullburða fóstur hjá hryssu nokkuð sérstakt?

Önnur veikindi.

Lýsið öðru, er varðar veikindi hrossa.

Hestalýs.

Var um nokkurt þrifabað eða lyf að ræða til að drepa lús á hrossum? Voru hross (flókatryppi o.fl.) m.a. rekin á sund í þeim tilgangi?

Skordýr.

Gat hrossum stafað mein eða hætta af skordýrum (mýbit t.d.)? Voru þar nokkur ráð til varna? Lýsið þessu.

Ráð til að auka þol.

Var eitthvert ráð fyrir hendi til að auka þol reiðhesta (að spretta upp í nös t.d.)? Lýsið því.

Varnarráð.

Voru signingar eða krossmörk notuð sem varnarráð eða lækningar við hættum eða meinum hrossa? Var signt framan á enni hrossa, áður en lagt var af stað í ferðir eða lagt út í stór vatnsfjöll? Voru krossmörk klippt á hross, t.d. á lend? Til bóta hverju? Voru krossar markaðir eða bikaðir á hesthúshurðir til heilla hrossum?

Voru krossgarðar reistir til skjóls fyrir hross í högum? Hafði krosslögurinn engan annan tilgang en þann að skýla hrossunum?

Þekkja menn önnur varnarráð þjóðtrúar eða trúar gegn slysförum eða veikindum hrossa?

Leiðindi.

Voru einhver sérstök ráð viðhöfð til að koma í veg fyrir leiðindi hrossa, sem keypt voru eða flutt milli bæja í búferlaflutningum? Voru nokkur ráð þekkt til að ráða bót á leiðindum í hrossum eða koma í veg fyrir strok önnur en haft, hús eða girðing?